

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, sbr. 6. gr., 3. mgr., og 10. gr. laganna, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. febrúar 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

17. febrúar 1971.

Nr. 35.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 55 20. marz 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Í stað 1. málslíðs 2. málsgreinar niðurlagsákvæðis reglugerðarinnar komi svo hljóðandi ákvæði: „Fiskmati ríkisins er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum I. II. og III. kafla reglugerðarinnar, þegar sérstaklega stendur á og gera þarf stórfelldar framkvæmdir til að fullnægja ákvæðum kaflanna. Undanþágur skulu ávallt tímabundnar.“

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1971.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón L. Arnalds.*

22. febrúar 1971.

Nr. 36.

**REGLUR**

um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

## 1. gr.

Lögreglustjórar (bæjarfógetar og sýslumenn) greiða prófnefndarmönnum í löggiltum iðngreinum í umdæmi sínu þóknun fyrir störf þeirra. Skal formaður viðkomandi prófnefndar framvísa reikningi, árituðum af öllum prófnefndarmönnum, ásamt frumriti prófbókar. Á reikningi skal koma greinilega fram: Fjöldi próftaka, stundafjöldi, sem reiknaður er, og tímakaup það, sem prófnefndarmenn reikna sér í prófinu, sbr. 4. gr.

## 2. gr.

Þóknun prófnefnda skal fara eftir fjölda próftaka hverju sinni og reiknast stundafjöldi eftir löflu þeirri, sem hér fer á eftir, miðað við fjölda próftaka í hverju prófi um sig. Sveinspróf skulu aðeins fara fram tvisvar á ári, vor og haust, og skal telja saman alla próftaka í hvoru prófi um sig, enda telst hvort þeirra eitt próf, þó próftakar séu margir og prófið fari fram á fleiri en einum stað.

Fjöldi próftaka:	Reiknaðar stundir:
1 .....	20
2 .....	30
3 .....	45
4 .....	60
5 .....	75
6 .....	80
7 .....	85
8 .....	90
9 .....	95
10 .....	100
11 .....	110
12 .....	120
13 .....	130
14 .....	140
15 .....	150
16 .....	160
17 .....	170
18 .....	180
19 .....	190
20 .....	200
21 .....	205
22 .....	210
23 .....	215
24 .....	220
25 .....	225
26 .....	230
27 .....	235
28 .....	240
29 .....	245
30 .....	250

Fyrir hvern próftaka umfram 30 skal reikna 5 stundir.

### 3. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður tímakaup prófnefndarmanna, að fengnum tilögum iðnfræðsluráðs.

Þóknun prófnenda miðast við, að prófnefndarmenn undirbúi og dæmi sveinspróf en hafi eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað, ef þörf gerist, sbr. 31. gr. reglugerðar um iðnfræðslu.

Í þeim tilvikum, að ekki sé um sérstakan eftirlitsmann að ræða til yfirsetu á prófstað, skulu prófnefndarmenn skiptast á um að fylgjast með framkvæmd prófsins.

### 4. gr.

Við skiptingu þóknunar milli prófnefndarmanna skal fylgja eftirfarandi reglu:

Þóknun prófnefndar skal deilt í 4 hluta og fær hver prófnefndarmaður einn hlut. Fjórða hlutnum skal skipt þannig, að formaður prófnefndar fær  $\frac{1}{2}$  hlutinn, en hvor hinna prófnefndarmannanna  $\frac{1}{4}$  úr hlut.

### 5. gr.

Annan kostnað við sveinspróf en þóknun prófnefndar greiðir meistari próftaka, sbr. 31. og 47. gr. reglugerðar um iðnfræðslu.

## 6. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lögreglustjórum (bæjarfógetum og sýslumönnum) útlagðan kostnað vegna prófnefnda, og skal iðnfræðsluráð í umboði ráðuneytisins úrskurða réttmæti reikninga, áður en endurgreiðsla fer fram.

## 7. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar nr. 143/1967, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 160/1967, um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

*Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1971.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

23. febrúar 1971.

Nr. 37.

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 106 25. apríl 1969  
um viðvörunarmerki almannavarna.

## 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Viðvörun skal, svo sem aðstæður framast leyfa, framkvæma með samsvarandi hljóðmerkjum um land allt. Hljóðmerki skulu vera þrenns konar.

- a) Merki um áriðandi tilkynningu í útvarpi: Langt hljóð með tveim stuttum á eftir a. m. k. þrítekið.
- b) Merki um yfirvofandi hættu: Stutt hljóð í sífellu í minnst 1 mín.
- c) Merki um að hætta sé liðin hjá: Langt hljóð, einstakt, í minnst  $\frac{1}{2}$  mín.

Langt hljóð standi í 6.5 sek. og stutt hljóð í 1.5 sek., nema annað sé tiltekið. Bil milli hljóða í merki sé 2 sek. og milli merkjanna sjálfra minnst 6.5 sek.

Þegar gefin eru hljóðmerki um áriðandi tilkynningu eða yfirvofandi hættu er öll óþarfa notkun síma bönnuð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 94 29. desember 1962 um almannavarnir, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. febrúar 1971.*

**Auður Auðuns.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

2. marz 1971.

Nr. 38.

**REGLUGERÐ**

um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings.

## 1. gr.

Húsnæði, áhöld og hreinlætisbúnaður við verkun grásleppuhrogna til útflutnings skal vera í samræmi við ákvæði III og IV kafla í „Reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.“, útg. 20. marz 1970.